

EFTIRLITSSKÝRSLA

OLÍUBIRGÐASTÖÐ OLÍUDREIFINGAR Í HVALFIRÐI

Dagsetning	11. nóvember 2011	Fulltrúi UST	Gottskálf Friðgeirsson
Fyrirtæki	Olíudreifing ehf.	Starfsleyfi, gildir til	31. janúar 2014
Heimilisfang	Gelgjutanga við Kleppsmýrarveg	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	660695-2069	Fulltrúar fyrirtækis	Gestur Guðjónsson Gunnlaugur Pálmason
Isat nr.	63.40	Staðsetning starfstöðvar (hnit)	N64 23,784 V21 25,752
Starfsemi	Önnur flutningamiðlun		

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá starfsleyfi fundust við eftirlit. Engin athugasemd var gerð við olíubirgðastöðina.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir rekstrarhandbók í stöð Olíudreifingar á Litla-Sandi í Hvalfirði, farið yfir mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Olíudreifing hefur í notkun skráningarblað (svokallað mánaðarblað) sem er notað á öllum birgðastöðvum þeirra, þar sem skráð er ýmist viðhald og eftirlit í birgðastöðvunum. Skráningar í rekstrarhandbók og á mánaðarblöð voru í góðu lagi.

Stöðin stóð tóm þegar komið var í eftirlit. Þrjár þrær eru í stöðinni um geymana og tengjast þeim þrjár olíuskiljur. Lokar í frárennsli stóðu lokaðir.

Gufusöfnunarkerfi stöðvarinnar er ekki í gangi þegar stöðin er tóm, en Olíudreifing hefur samning við framleiðandann um árlega þjónustuheimsókn (John Zink) til viðhalds og stillingar á kerfinu. Síðast liðið ár hefur díselolía verið á geymunum og því engin gufusöfnun í gangi.

Einn geymir, T0122, sem ekki hefur verið í notkun, hefur nú verið rifinn og fjarlægður af staðnum.

Allir 11 geymar stöðvarinnar hafa verið botnþykktarmældir á síðustu tíu árum. Lagnir voru þrýstiprófaðar árið 2007.

Tíu löndunarbarkar hafa verið þrýstiprófaðir, en ekki er gert ráð fyrir að þeir verði notaðir frekar í Hvalfirði enda hefur Olíudreifing gert samning um að nota NATO-bryggjuna við Digralæk fyrir löndun í framtíðinni.

Umhverfisstofnun hefur fengið til umfjöllunar og samþykkt fyrir sitt leyti teikningar af olíu- og gufusöfnunarlögnum til samtengingar á stöðvunum á Litla Sandi og Digralæk.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar í rekstrarhandbók voru skoðuð.



FRÁVIKⁱ OG ATHUGASEMDIRⁱⁱ

Frávik:

Engin frávik frá starfsleyfi fundust við eftirlit.

Athugasemdir:

Engar athugasemdir voru gerðar við stöðina.

Reykjavík, 24/11/2011

Undirskrift eftirlitsaðila

ⁱ **Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

ⁱⁱ **Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

